

## Kynningarfundur vegna breytingar á deiliskipulagi Miðhverfis Setbergi vegna lóðar Stekkjarbergs 9.

Fundurinn var haldinn í Setbergsskóla þriðjudaginn 26. maí 2015 kl. 17:00.

Fundinn sátu frá skipulags- og byggingarráði Júlíus Andri Þórðarson, Bjarki Jóhannesson og Málfríður Kristjánsdóttir frá skipulags- og byggingarsviði og Gunnar Örn Sigurðsson frá ASK arkitektum. Nær 20 íbúar og hagsmunaaðilar sóttu fundinn.

Bjarki kynnti aðalskipulag og greindi frá eldra skipulagi sem hafði verið samþykkt í bæjarstjórn en ekki öðlast gildi. Þá kynnti hann ferlið og að athugasemdatími væri til 3. júlí 2015.

Gunnar Örn kynnti síðan deiliskipulagsbreytinguna og Bjarki benti á að leitast væri við að húsin væru ekki stórgerð og að vatnið fengi að njóta sín.

Þrír frumbyggjar á svæðinu tjáðu sig um að þeir mjög ósáttir með hvernig staðið hefði verið að skipulaginu í hverfinu, þarna væri á ferðinni klikkað byggingarmagn, bæði og þétt og of há byggð.

Annar íbúi kvaðst hafa sent tölvupóst í mars-apríl og vildi vita af hverju ekki hafi verið auglýstur athugasemdafrestur við lýsinguna.

Þá greindi íbúi frá að fasteignasali óskaði efir að fá lóð Stekkjarbergs 7 með byggingu fjölbýsishús á henni í huga. Eigendur hefðu ekki fengið byggja bílskúr á lóðinni.

Íbúi Skálabergi (Stekkarhvammi 11) kvaðst vera í áfalli eftir að sjá tillöguna, það ætti ekki að múra fólk inni. Hún bað ráðamenn að hugsa vel út í hvað þeir væru að gera.

Fram kom í kynningu að bílskúrar yrðu lækkaðir frá götuhæð. Íbúi benti á að grunnvatnshæð er breytileg og því gætu bílastæðin farið undir vatn. Þetta gæti breytt forsendum fyrir því hve háar byggingarnar yrðu.

Spurt var af hverju þyrfti að byggja svona mörg hús og af hverju gætu þau ekki verið lægri.

Gunnar svaraði með því að þarna væri verið að þétta byggðina.

Bent var á að þessi umferðatenging væri hættuleg, ekki mætti gleyma að þetta er á skólaleið barna. Einnig að þarna verði snjógildra og yrði vont að fá skjólvegg.

Til að tryggja öryggi íbúa í hverfinu þarf að breyta umferðarennslu innan hverfisins – Skálaberg hafi undanþágu til að komast yfir. Bent var á að með Ásvallabraut myndi fólk koma niður Klettahlíðina og fara út á Reykjanesbrautina í átt að IKEA.

Íbúar lýstu yfir að þarna ætti að vera lágreist byggð og trjágróður.

Talað var um að hraunið væri friðað og nú væri búið að spilla því og vatnskeldunum.

Bjarki benti á að húsin væru á því svæði sem grunnurinn er á. Athuga þyrfti með lindina.

Það var þungt í fundamönnum og þeir vildu minna á að bæjarfélaginu bæri að bera hagsmuni íbúa fyrir brjósti, enginn bær væri án íbúa. Þá var bent á að ef af þessu yrði þá væri komið

fordæmi fyrir að byggja þriggja hæða hús á næstu lóðum sem væri stórhættulegt. Þetta væri sorgleg eyðilegging. M.a var bent á að engin leiksvæði væru þarna.

Rætt var um umferðamálin og hvort mögulegt væri að hafa umferðaeyju.

Þá var greint frá að þegar grunnurinn var grafinn var grafið niður á rennsli undan hrauninu. Lindin hafi áður verið vatnsból fyrir bæinn.

Bent var á að lóð Skálabergs hefur verið minnkuð frá gildandi skipulagi og var lofað að athuga hvernig á því stæði.

Að lokum var hnykkt á því að Hafnarfjarðarbær ætti að vanda betur til verka.

Fundi lauk kl. 18:25

MK